

169 II. 6. liður sömu greinar orðist þannig:
2. ágúst

Af hverri bifreið í lögsagnarumdæmi Keflavíkur greiðist árlega:

Af vörubifreið kr. 150.00.

Af atvinnu-fólksbifreið kr. 75.00.

Af einka-fólksbifreið kr. 30.00.

Af bifreiðum utan lögsagnarumdæmisins greiðist sama gjald, ef þær stunda atvinnu í Keflavík og hafa afgreiðslu á bifreiðastöð í lögsagnarumdæminu, og ber viðkomandi bifreiðastöð ábyrgð á innheimtu gjaldsins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

170
2. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns, nr. 88 18. júní 1950.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, þeim er vatn nota og 2. gr. heimilar, og má eigi fara fram úr 1,8% af fasteignamatsverði hversrar húseignar. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa og gjaldskrá nær eigi til.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

171
2. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. liður. Frosin síld	kr. 0.50 fyrir tn.
2. — Söltuð síld	— 0.50 — —
3. — Fiskur saltaður og hertur	— 1.00 — skpd.
4. — Bátar, er stunda veiðar frá landi, greiði af aflu ..	— 0.50 — —
5. — Vatnssalerni	— 20.00 — hvert
6. — Baðker	— 20.00 — —